

Nr. 29/1875: Jóhann Jóhansson á Víðimýri

gegn

hreppsnefndinni í Staðarhreppi.

D ó m u r.

Mál þetta er höfðað í hjerði af sveitarstjórninni í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu gegn Jóhanni Jóhanssyni, vinnumanni á Víðimýri, til rjettlættingar á lögbanni, er tjeð sveitarstjórn hafði látið fram fara gegn giptingu Jóhans. Undir málinu krafðist Jóhann bóta fyrir skapraun þá og óvirðingu, er hann hafði haft af lögbanninu, en með dómi uppkveðnum fyrir aukarjetti Skagafjarðarsýslu að Reynistað 10. septembermán. f. á. er lögbannið úr gildi numið, en sveitarstjórnin dæmd sýkn af kröfunni um bætur. Þessum dómi hefur Jóhann Jóhansson áfrýjað til yfirdómsins og krafist, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, að því er ógilding lögbannsins snertir, en að sjer verði dæmdar bætur þær, er hann fór fram á fyrir undirrjettinum, og málskostnaður skaðlaust fyrir báðum rjettum.

Þar sem áfrýjandinn ekki hefur lagt kröfu sína um bætur til sátta — eins og hann heldur ekki hefur fylgt henni fram með stefnu til mótpartsins — ber samkvæmt 1. gr. tilskipunar 20. janúar 1797 ex officio að dæma dóm undirrjettarins að þessu leyti ómerkan og að vísa kröfunni frá undirrjettinum. En að því ógilding lögbannsins snertir, ber eptir kröfu áfrýjandans, sem hinn stefndi ekki hefur mótmælt, að staðfesta undirrjettardóminn, sem og um málskostnað í hjerði. Málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hins stefnda, sem hæfilega virðast ákveðin 20 krónur, ber áfrýjandanum eptir þessum úrslitum málsins að greiða.

Að því leyti málið hefur verið flutt með gjafsókn

af hendi hins stefnda, hefur flutningur þess verið lög-
mætur.

Því dæmist rjett að vera :

Að því, er snertir kröfu áfrýjandans Jóhanns Jó-
hanssonar um bætur fyrir skapraun og óvirðingu,
á dómur undirrjettarins ómerkur að vera, og vísast
kröfunni frá undirrjettinum. Að öðru leyti á dóm-
ur undirrjettarins óraskaður að standa. Áfrýjandinn
greiði 20 krónur í málsfærslulaun til hins skipaða
svaramanns hins stefnda fyrir yfirdóminum, mála-
flutningsmanns Guðmundar Pálssonar innan 8 vikna
frá löglegri birtingu dóms þessa, undir aðför að
lögum.

Nr. 12/1876:

Hið opinbera

gegn

verzlunarstjóra Fr. Sørensen m. fl.

D ó m u r.

Mál þetta er höfðað í hjeraði af hálfu hins opin-
bera gegn þeim, Fr. Sørensen, verzlunarstjóra, Páli
Pálssyni, Gísla Pjeturssyni og Sigurði Sigurfinnssyni
fyrir helgidagsbrot, og eru þeir hinir fyrst nefndu dæmdir
fyrir aukarjetti Vestmannaeyjasýslu 19. aprílmán. f. á.
í 1½ krónu sekt hver til sveitarsjóðs Vestmannaeyja
og til að greiða málskostnað in solidum, en að því, er
snertir Sigurð Sigurfinnsson, fjell málið niður, þar eð
hann gekkst undir að borga sekt að áskildu samþykki
amtsins. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera á-
frýjað til yfirdómsins.

Með vitnaskýrslum þeim, sem fram eru komnar í
málinu, og sem skýrslu Sigurðar Sigurfinnssonar ber sam-